

5  
9. jan.

## REGLUGERÐ

### um fasteignaskatt í Seyðisfjarðarkaupstað.

#### 1. gr.

Í Seyðisfjarðarkaupstað skal árlega leggja á fasteignaskatt í bæjarsjóð. Skal hann lagður á eftir gildandi fasteignamati á hverjum tíma og vera sem hér segir:

1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum, greiðist 2%.
2. — húseignum og öðrum mannvirkjum greiðist 0.4%.

#### 2. gr.

Eigandi greiðir skattinn, nema um leigulóðir sé að ræða. Þá greiðist skatturinn af notanda.

#### 3. gr.

Skatturinn greiðist af heilum hundruðum króna af fasteignamatsverði, en því, sem umfram er, skal sleppa. Nái matsverðið ekki 100 krónum, þá greiðist enginn skattur.

#### 4. gr.

Gjalddagar skattsins eru 1. apríl og 1. september ár hvert, og greiðist helmingur á hvorum gjalddaga. Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur að fullu tveimur mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiddir eru af útsvörum. Skatturinn hvílir sem lögveð á fasteignum þeim, sem hann er lagður á, og skal ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, í tvö ár frá gjalddaga. Ef hús brennur, eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur í bruna-bótafjárhæð hússins.

Skattinn má taka lögtaki.

#### 5. gr.

Undanþegnar skatti samkvæmt 1. gr. eru allar fasteignir bæjarsjóðs, nema leigulóðir, enn fremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmlana, skólahús, elliheimili, barnahæli og sjúkrahús. Sama er um lóðir, sem fylgja slíkum húsum, og lóðir, sem eru til opinberra þarfa.

#### 6. gr.

Að öðru leyti fer um skattálágingu þessa samkvæmt lögum nr. 67 frá 1945.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 67 frá 1945 til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð um fasteignaskatt í Seyðisfjarðarkaupstað, nr. 183 frá 19. sept. 1945.

*Félagsmálaráðuneytið, 9. janúar 1953.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Jónas Guðmundsson.*